

Blettir á sól og breytingar á loftslagi jarðar

I.

Alskír heitir sólin ljá sonum Ása. Svo segir í Alvíssmálum. En vor sól verður ekki svo nefnd. Eru á hemi blettir eigi alllitlir. Eru blettirnir gosgýgir. Gýs þar svo á-kaflega, að taka mundi til tunglins eldstafurinn, ef svo væri gosið af jörðu hér. Leikur þar háir hiti. Þarf víst ekki að esa, að blettmyndunin veldur nokkrum breytingum á loftslagi jarðar. En þó nægir það ekki til að gera grein fyrir því, að á sama stað jarðar hafa orðið svo miklar breytingar á loftslagi sem munar frá hitabelti og þar nálægt, til heimskautsbeltis. Virðist sú skýring duga bezt, af öllum, sem til hafa verið nefndar, að breytingar á hnattstöðu valdi mestu um veðráttubrigðin.

Mikið ríður á að rannsaka betur en orðið er, hvað af jarðlöginum má fá að vita um veðurlagsbreytingarnar. Er hér á landi mikið efni slikra rannsóknna. Er hér sannkallað surðusafn af fornjöklamenjum, sem rannsóknarar höfðu alveg mis-skilið, og ekki var farið að þekkja fyr en 1899. Er hér eitt daemi þess, og ekki ófróðlegt, hversu seinir menn eru til að uppgötva nýjar uppgötvanir, sem miða til að breyta til minna rannsóknastefnumi og opna ný svæði. Munu miklu fleiri fræðimenn koma til þess að rannsaka Ísland þegar uppgötvaðar verða þær uppgötvanir, sem hér ræðir um. Og þeir, sem koma, munu ávinna meira með rannsóknum sínum, en annars mundu þeir gera. Walther von Knebel, mjög líklegur til atkvæðamanns í visindum, létt líf sitt af því að hann hafði ekki sem skyldi vaknað við uppgötunum, sem ef til vill síðar munu verða taldar hefja sjálfstæðisold meiri, en áður hafði verið í íslenzkri rannsókn. Og með honum fórst málarinn Rudloff. Peir fóru að skoða Öskju, þó að margfalt merkilegri og árangursvænlegri rannsóknarefnini lęgju opin syrir, ef hinár nýju íslenzku uppgötvanir í jarðfræði landsins hefðu þegnar verið.

Helgi Pjeturss.

Leiðréttung. Í greininni Grettis-fraendur stóð „seinna á öldinni“ f. „seinna á oldum“, og „ekki sé við“ f. „ekki eigi við“ o. s. frv.

Maí. 2. jún. 1919